



## Samstarfsyfirlýsing

um rekstur stafrænnar smiðju, Fab Lab Vesturlands á Akranesi

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR), mennta- og menningarmálaráðuneyti (MRN), Fjölbautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA), Akraneskaupstaður og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi í samstarfi við Breið þróunarfélag, hér eftir nefndir samstarfsaðilar, lýsa yfir vilja til samstarfs til að tryggja rekstur Fab Lab smiðju Vesturlands á Akranesi. Um verði að ræða árleg framlög til að efla skapandi starf og stuðning við frumkvöðla. Smiðjustarfið styður við nýsköpunaráherslu stjórnvalda og tengist eflingu starfsmenntunar og stafrænnar hæfniuppbyggingar. Fab Lab smiðja Vesturlands á Akranesi stendur nemendum á öllum skólastigum, fyrirtækjum og almenningi opin, eftir nánara samkomulagi, og efnir til samstarfs við aðra lykilaðila á sviði menntunar, rannsókna, menningar og atvinnulífs til að auka yfirsýn yfir nýsköpunarþjónustu svæðisins.


Með þessari samstarfsyfirlýsingu er dreginn fram sameiginlegur skilningur á mikilvægi þess hlutverks Fab Lab smiðju Vesturlands að auka þekkingu og leikni nemenda, kennara, almennings og innan atvinnulífs á persónumiðaðri nýsköpunarvinnu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Samstarfið styður við þátttöku og áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldsskólum, aukið tæknilæsi og aðgengi að skapandi vinnuumhverfi. Áhersla er einnig lögð á að veita fyrirtækjum og nærsamfélagi þjónustu með þróun og prófun hugmynda á frumstigi með það að markmiði að efla nýsköpun og samkeppnishæfni.

Akraneskaupstaður ber fjárhags- og verklega ábyrgð á starfseminni og ræður til smiðjunnar verkefnastjóra. Fjárhagur Fab Lab smiðju Vesturlands verður haldið aðgreindum í reikningshaldi kaupstaðarins. Fimm aðilar skipa stjórn sem Akraneskaupstaður fer fyrir þ.m.t. FVA og Breið. Stjórn skiptir með sér verkum og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun um stofn- og rekstrarkostnað og sér til þess að ársuppgjör sé birt. Stjórn gerir grein fyrir nánari skilgreiningu á ábyrgð, hlutverki og fjárhagslegri aðkomu hvers aðila að rekstrinum og ákveður útfærslu lykilmælikvarða sbr. viðauka.

Ráðuneytin leggja áherslu á að rekstur Fab Lab smiðju Vesturlands á Akranesi sé tryggður til framtíðar. MRN leggur til 4 m.kr. árið 2022 til FVA og ANR leggur til 4 m.kr. árlega skv. sérstökum samningi þar um. Framlag til verkefnisins er sett fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Akraneskaupstaður leggur til 3 m.kr í fimm ár og FVA leggur til þekkingu og tengingu við námsbrautir skólans. Breið þróunarfélag heldur utan um svæðisbundinn samstarfsvettvang, veitir ráðgjöf og aflar styrkja til tækjakaupa. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi vinna að stofnun Nýsköpunarnets sem ætlað er að leiða saman einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og skóla með þekkingarneti, sem stuðli að aukinni samvinnu og miðlun upplýsinga m.a. varðandi Fab Lab smiðjur.


Akranesi, 14. maí 2021

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and several smaller initials.




Lilja Dögg Alfreðsdóttir,  
mennta- og menningarmálaráðherra

f.h. Akraneskaupstaðar




Sævar Freyr Þráinsson, bærarstjóri

f.h. Breiðar Þróunarfélags




Valdís Fjölvisdóttir, framkvæmdarstjóri




Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir,  
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

f.h. Fjölbrautaskóla Vesturlands



Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari

f.h. Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdarstjóri

## Viðauki:

### Árangursmælikvarðar í starfsemi stafrænna smiðja

Samkvæmt samstarfssamningi um rekstur stafrænna smiðja skal setja fram lykilárangursmælikvarða til að meta árangur starfsins og auðvelda yfirsýn á samanburðarhæfan hátt yfir starfsemina á landsvísu. Skilgreindir verða nokkrir sameiginlegir árangursmælikvarðar sem stafrænar smiðjur munu horfa til en einnig er gert ráð fyrir svæðisbundnum mælikvörðum sem valdir eru út frá sérstökum áherslum. Unnið verði með eftirtalda árangursmælikvarða:

I. Notendur stafrænna smiðja	II. Lærdómssamfélag
<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Dagleg aðsókn og aðgengi einstaklinga. Unnið með skráningu allra þeirra sem nýta sér Fab Lab smiðjur.</p> <p>Heildarfjöldi heimsókna frá notendum sem koma að eigin frumkvæði:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Fjöldi heimsókna frá nemendum utan hefðbundinnar kennslu).</li><li>b. Fjöldi annara sjálfstæðra notenda s.s grunnskólanemar, framhaldsskólanemar, háskólanemar, einstaklingar og fulltrúar fyrirtækja og atvinnulífs.</li></ul> <p>Fjöldi klukkustunda sem smiðjan er opin almenningi á viku.</p>	<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Aðgengi að þekkingu sem stuðlar að vexti lærdómssamfélagsins. Gerð grein fyrir mælikvörðum í ársskýrslu Fab Lab smiðja.</p> <p>Fjöldi heimsókna í fyrirlestra eða námskeið á vegum smiðjunnar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Lengri námskeið yfir 3 klst.</li><li>b. Fjöldi örfyrirlestra undir 3 klst.</li></ul> <p>Fjöldi heimsókna í skipulagða kennslu í smiðjunni (kennari kennir sjálfstætt):</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Á vegum skólans.</li><li>b. Aðrir framhaldsskólar.</li><li>c. Grunnskólar.</li><li>d. Háskólar.</li></ul> <p>Fjöldi kennara sem kenna sjálfstætt í smiðjunni. Fjöldi kennara í endurmenntun og tækniþjálfun. Fjöldi skóla sem nýta sér smiðjuna til kennslu á hverri önn.</p>
III. Kynningar og samstarfsverkefni	IV. Umsóknir, fjármögnun, hagnýting
<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Miðlun efnis og sýnileika smiðjunnar. Verður tilgreint í ársskýrslu Fab Lab smiðja. Aðsókn í kynningar:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Fjöldi kynninga.</li><li>b. Fjöldi skóla.</li><li>c. Fjöldi stofnana og fyrirtækja</li></ul> <p>Þátttaka í samstarfsverkefnum og viðburðum:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Innlend.</li><li>b. Erlend.</li></ul> <p>Skipulagning á samstarfsverkefnum og viðburðum:</p>	<p><i>Hvað ætlum við að mæla:</i> Aðsókn sprota. Áhrif á nýsköpunarumhverfi og þróun tæknilausna. Verði tilgreint í ársskýrslu Fab Lab smiðja og ársreikningi.</p> <p>Fjöldi lífvænlegra sprota í þróun á ári. Fjöldi þróunarverkefna:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>a. Háskólanemenda.</li><li>b. Framhaldsskólanemenda.</li><li>c. Grunnskólanemenda.</li><li>d. Fyrirtækja og stofnana.</li></ul>

PRG LA SFZ  
Dr DJB

<p>a. Innlend. b. Erlend.</p> <p>Útgáfa kennsluefnis á vegum smiðjunnar</p> <p>a. Blöðungar minna en 8 blaðsíður. b. Handbækur meira en 8 blaðsíður. c. Kennslumyndbönd.</p> <p>Mat á virkni innan Fablab Ísland:</p> <p>a. Þátttaka í samstarfsverkefnum.</p>	<p>e. Einstaklinga.</p> <p>Fjöldi kynntra hugmynda úr smiðjustarfinu. Fjöldi klukkustunda í sérhæfðri tækniráðgjöf til sprota.</p> <p>a. Fagleg ráðgjöf (fundir). b. Sjálfstæð þróun frumgerða í smiðjunni. c. Þróun frumgerða í nánú samstarfi við smiðjuna (handleiðsla).</p> <p>Fjöldi verkefna sem hafa náð vexti út úr smiðjunni.</p>
--	--

Handwritten notes in the bottom left corner, including a large '10' and some illegible scribbles.

Handwritten signature 'KR6' in the bottom right corner.